

handsamaðir eru innan bæjarmarkanna og eru frá öðrum sveitarfélögum, allur kostnaður við töku og vörslu hundsins fellur á eiganda hans. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

## 6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998.

## 7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Blönduóssbæjar staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald á Blönduósi nr. 29/1995 með síðari breytingum nr. 48/2002.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 27. febrúar 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 470/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja, með síðari breytingum.

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. 4. másl. 1. mgr. orðist svo: Að lokinni endurskoðun reikninga sendir ríkisendurskoðun þá til viðkomandi sendiráðs með áritun um endurgreiðslu en sendir endurgreiðslubeiðni til ríkisféhirðis til afgreiðslu.
- b. 2. mgr. orðist svo: Ekki verður um endurgreiðslu að ræða nema heildarfjárhæð hvers einstaks reiknings nemi a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti. Ríkisendurskoðun skal heimila endurgreiðslu innsendra reikninga vegna fastra mánaðarlegra reikningsviðskipta nái heildarfjárhæð slíkra reikninga a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðist svo: Reikningar þeir sem endurgreiðslubeiðni er byggð á skulu vera greiddir. Til staðfestingar á greiðslu skal greiðslukvittun fylgja greiddum reikningum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 43. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi frá og með 1. janúar 2004.

*Fjármálaráðuneytinu, 4. mars 2004.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Elmar Hallgríms.*